

Fimmtudaginn 23. febrúar 1995.

Nr. 246/1994.

M

(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn

K

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Börn. Forsjá. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1994. Hann krefst þess, að sér verði falin forsjá Agnesar, dóttur sinnar og stefndu, sem fædd er 21. ágúst 1991. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvörn fyrir réttinum með bréfi dómismálaráðuneytis 5. desember 1994.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Meðal þeirra er skýrsla Þorgeirs Magnússonar sálfræðings um hagi, líðan og þroska barnsins frá 14. febrúar sl.

Aðilar gengu í hjónaband 26. maí 1989. Meðan hjónaband þeirra stóð, bar stefnda nafnið X C S. Hún fékk íslenskt ríkisfang 14. janúar 1994 og ber nú nafnið K. Stefnda krafðist skilnaðar að borði og sæng 27. febrúar 1992, og hafa deilur aðila um forræði barnsins staðið síðan. Þau gerðu um það samkomulag 4. maí 1992, að konan skyldi hafa forsjá barnsins, meðan á forsjárdeilu þeirra stæði, og um umgengnisrétt föðurins við barnið á þeim tíma. Engu að síður var það með föður sínum mikinn hluta þess tíma, sem málið var til meðferðar í héraðsdómi, og allt þar til það var tekið þaðan með aðför 31. maí 1994. Aðila greinir á um það, hvers vegna barnið dvaldist hjá föður sínum á þessum tíma. Lögskilnaðarleyfi var gefið út 7. október 1994.

Á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 28. apríl 1993 var

mælt með því, að móðurinni væri falin forsjá barnsins, þó þannig, að tryggt væri, að það nyti eðlilegrar umgengni við föður. Áður en nefndin lét í ljós þetta álit sitt, höfðu félagsráðgjafar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar kannað ýtarlega hagi aðila og barnsins. Var það álit barnaverndarnefndar á grundvelli þessarar könnunar, að foreldrarnir væru báðir hæfir til þess að fara með forsjána og að barnið ætti rétt á að njóta beggja foreldra sinna. Skýrsla Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, sem aflað var að frumkvæði formanns héraðsdómsins, hnígur í sömu átt.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 skal skera úr ágreiningi um forsjá barns samkvæmt eftirfarandi grunnreglu:

„Dómstóll eða dómsmálaráðuneytið kveða í úrlausnum sínum á um hjá hvoru foreldri forsjá barns verði eftir því sem barni er fyrir bestu. Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns, nema foreldrar séu sammála um þá skipan. ...“

Aðilar hafa ekki komið sér saman um sameiginlega forsjá, og verður að meta, hvað er barninu fyrir bestu. Það er niðurstaða héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að með til-liti til framtíðar virðist það henta best hag barnsins að fela stefndu forsjá þess. Reisir dómurinn álit sitt aðallega á aldursmun aðila og heilsufari. Faðirinn sé fæddur 1932, en móðirin 1949 og sé því til muna yngri. Áfrýjandi sé 100% öryrki, og ekki sé búist við bata, en stefnda sé við eðlilega heilsu og vinnugetu. Þá skipti máli ungur ald-ur barnsins og kyn þess.

Hér fyrir dómi mótmælir áfrýjandi þessum niðurstöðum héraðs-dóms á þann veg, að hann geti unnið heimilisstörf og annast barnið, þótt hann sé 100% öryrki til þeirra starfa, sem hann hafi stundað. Hefur hann lagt fram vottorð Helga Guðbergssonar yfirlæknis, sér-fræðings í atvinnulækningum, þessu til sönnunar. Þá hefur hann beint því til héraðsdóms, að aflað verði gagna um hagi, líðan og þroska barnsins. Að tilstuðlan héraðsdóms tók Þorgeir Magnússon sálfræðingur að sér að kanna þessi atriði. Áfrýjandi hefur lagt skýrslu sálfræðingsins fyrir Hæstarétt, eins og að framan greinir, og leggur mikla áherslu á niðurstöðu hans. Ályktun sálfræðingsins er eftirfarandi:

„B er samkvæmt þessari athugun nokkuð eðlilega þroskuð þriggja og hálfis árs gömul telpa sem alist hefur upp á talsverðum

flækingi milli foreldra sinna. Ekki verður betur séð en að hún búi við hlýlegt atlæti hjá móður sinni. Það ber á seinkuðum málþroska hjá stúlkunni sem beinast liggur við að rekja megi til lítillar kunnáttu móðurinnar í íslensku. Í því sambandi er áhyggjuefni að þótt þær mæðgur séu nánar eiga þær ekki sameiginlegt tungumál sem báðar hafa fullt vald á. Hafa þarf í huga að skipist forsjáin móður í hag þurfa tengslin við hana að verða barninu ein helsta þroskauppsprettan í framtíðinni. Notkun tungumálsins er þar eitt lykilatriðið. Ef ekki verður þarna breyting á til batnaðar er viss hætt á að hinum ófullkomnu tjáskiptum mæðgnanna fylgi seinkun í þróun tengslahátta, tilfinningalífs og vitsmuna hjá B.

Til að hindra slíkt virðist nauðsynlegt að rjúfa félagslega einangrun K, yfirvinna tortryggni hennar og ótta og hraða aðlögun að íslenskum staðhættum og málsamfélagi. B þarf að komast aftur á góðan leikskóla þar sem fagfólk getur haldið áfram að fylgjast með og koma til móts við þarfir hennar.

Fram kemur að í báðum þessum greinum er Félagsmálastofnun með ýmsum ráðum reiðubúin að koma til skjalanna. Námsgetu K og aðlögunarhæfni eru nokkrar skorður settar samkvæmt fyrirbyggjandi sálfræðiathugun á henni og ljóst að gott traust þarf að skapast ef aðstoð við hana á að skila sér. Það er þó mat undirritaðs að hægt sé að búa svo um hnútana að B geti búið við þroskavænlegar aðstæður hjá móður sinni í framtíðinni.“

Fallast ber á það með áfrýjanda, að mikilvægt sé, að barnið taki út málþroska og hafi tækifæri til að aðlagast íslensku samfélagi. Sú aðstaða, að móðirin er af erlendu bergi brotin og hefur ekki fullt vald á íslenskri tungu, getur þó ekki ráðið úrslitum í málinu. Íslendingum er skylt að virða rétt þeirra, sem hingað flytjast, og barnið á rétt á því að fá að njóta þess menningarumhverfis, sem báðir foreldrar geta boðið upp á, eftir því sem aðstæður leyfa.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á það álit héraðsdóms, að ungur aldur telpunnar og aldurs- og heilsumunur foreldranna eigi að ráða því, að metið verði barninu fyrir bestu að vera hjá móður sinni. Það er þó mikilvægt með tilliti til hagsmuna barnsins, að umgengni föðurins við það verði komið í eðlilegt horf. Héraðsdómur er því staðfestur.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hennar, Sigurmars Albertssonar hæstaréttarlögmans, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. maí 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 20. apríl sl., er höfðað af M gegn K með stefnu, birtri 13. september 1993.

Kröfur stefnanda eru þær, að hann fái forsjá dóttur málsaðila, X, f. 21. ágúst 1991. Stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu, en hann gerir kröfu um, að gagnaðila verði gert að greiða málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Fallið hefur verið frá kröfu stefnanda á hendur stefndu um greiðslu meðlags, sem fram kemur í stefnu.

Kröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af kröfu stefnanda um, að stefnanda verði falin forsjá stúlkunnar, og gerir stefnda sjálf kröfu um, að sér verði falin forsjá barnsins. Stefnda krefst sýknu af málskostnaðarkröfu stefnanda. Krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en henni hefur einnig verið veitt gjafsókn í málinu.

Yfirlit málavaxta og ágreinings málsaðila.

Málsaðilar gengu í hjónaband 26. maí 1989. Nokkrum vikum áður hafði stefnda komið til landsins frá þáverandi ættlandi sínu, Filippseyjum. Þau höfðu kynnst með bréfaskriftum og hófu strax sambúð, er stefnda kom til Íslands. Þau eignuðust dóttur 21. ágúst 1991, og deila þau í máli þessu um forsjá hennar.

Fjölskyldan bjó [...] í Reykjavík. Stefnda fluttist af heimilinu í lok janúar 1992, og fór hún þá í Kvennaathvarfið. Hún var þá nýkomin frá Filippseyjum, en þar hafði hún verið í heimsókn hjá ættingjum í fimm vikur. Stúlkan var hjá föður sínum, á meðan stefnda var á Filippseyjum, en er stefnda fór í Kvennaathvarfið, hafði hún stúlkuna með sér. Stefnandi bjó áfram á heimilinu [...] og býr þar enn.

Samkvæmt greinargerð starfsmanns Kvennaathvarfsins, dags. 20. mars

sl., og framburði hans fyrir dóminum var stefnda mjög miður sín og hrædd, er hún kom þangað. Virtist hún hræðast hótanir stefnanda, m. a. um, að hann myndi taka barnið af henni. Hún bjó í Kvennaathvarfinu í rúma þrjá mánuði, en á þeim tíma hefði stefnandi í eitt skipti neitað að skila barninu úr helgarheimsókn, en úr því var leyst án frekari vandræða. Þá hefur einnig komið fram í frásögn starfsmanns Kvennaathvarfsins, að stefnda hafi verið natin við barnið og umhyggjusöm.

Stefnda fór á Mæðraheimilið í maí 1992, en fékk íbúð á vegum Félagsmálastofnunar í [...], og fluttist hún þangað í nóvember sama ár. Þaðan fluttist hún að [...], þar sem hún býr nú ásamt tveimur öðrum konum, sem einnig eru frá Filippseyjum.

Samkvæmt gögnum málsins dvaldist stúlkan, sem deilt er um í máli þessu, hjá stefnanda frá maí 1992, þar til stefnda fór aftur í Kvennaathvarfið í febrúar 1993. Hafði hún stúlkuna með sér þangað eins og áður. Í greinargerð starfsmanns Kvennaathvarfsins, sem áður er getið, kemur fram, að stefnda hafi leitað þangað vegna þess, að stefnandi hafi neitað að láta hana hafa barnið, en sett henni þau skilyrði, að hún fengi aðeins að sjá barnið á hans heimili. Í apríl eða maí 1993 fór stúlkan aftur til stefnanda, og hefur hún verið þar síðan. Stefnda heldur því fram, að stefnandi haldi stúlkunni hjá sér í óþökk stefndu, en stefnandi telur, að stefnda sjálf hafi komið stúlkunni fyrir hjá sér, og hafi stefnda hvorki vilja né getu til að annast hana, og því verði stúlkan að vera hjá sér.

Stefnda leitaði eftir skilnaði að borði og sæng í lok febrúar 1992. Er stefnandi mætti við fyrirtöku á málinu hjá yfirborgardómara 20. mars s. á., hafnaði hann skilnaðarkröfu stefndu, og var málinu vísað til dómismálaráðuneytisins 6. apríl s. á. Ráðuneytið óskaði umsagnar Barnaverndarnefndar Reykjavíkur með bréfi, dags. 27. apríl 1992, og var málið afgreitt af hálfu nefndarinnar með bókun á fundi hennar 28. apríl 1993. Er í bókuninni mælt með því, að stefndu verði falin forsjá barnsins, þó þannig, að tryggt verði, að það njóti eðlilegrar umgengni við föður og að hið góða samband feðginanna haldist. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 27. maí 1993, var ráðuneytinu tilkynnt, að stefnandi hefði í ljósi afstöðu barnaverndarnefndar í málinu fallið frá samþykki fyrir því, að ráðuneytið leysti úr forsjárdeilu málsaðila. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til að fá úrlausn dómstólsins á forsjárdeilu málsaðila.

Umgengni stúlkunnar við móður sína síðastliðið ár hefur verið afar takmörkuð. Ber stefnandi því við, að móðirin hafi ekki verið heima, er stefnandi kom með stúlkuna til hennar. Lögmaður stefndu hefur bæði í þinghöldum í máli þessu og með bréfaskrifum til lögmanns stefnanda farið fram

á, að stefnandi leyfði stúlkunni að vera hjá móður sinni. Það hefur ekki borið árangur með þeim undantekningum, að stúlkan fékk að dveljast hjá móður sinni nokkrar klukkustundir á aðfangadag og aftur á jóladag samkvæmt samkomulagi, sem gert var með bókun í þingbók 21. desember sl. Einnig fékk stúlkan að koma í heimsókn til móður sinnar samkvæmt samkomulagi málsaðila og fyrir milligöngu lögmanna þeirra eina helgi í febrúar sl.

Málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi heldur því fram, að það hljóti að vera barninu fyrir bestu, að hann fari með forsjá þess. Vísar hann í því sambandi til barnalaga nr. 20/1992, einkum 34. og 35. gr. svo og ákvæða VIII. kafla laganna. Hann vísar til þess, að barnið hafi að mestu dvalist hjá sér frá samvistarslitum málsaðila. Hafi hann annast það einn og farið það vel úr hendi. Einnig hafi hann annast barnið einn þann tíma, er móðirin fór frá barninu þriggja mánaða gömlu og dvaldist á Filippseyjum um fimm vikna skeið. Gagnkvæm og góð tengsl hafi myndast milli þeirra feðginanna. Stefnda hafi hins vegar haft lítil samskipti við barnið þann tíma, enda hafi hún ekki leitað eftir þeim af neinni alvöru. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hann dragi hæfni stefndu sem uppalandi mjög í efa. Hún hafi ekki alið sjálf upp tvö börn sín af fyrra hjónabandi. Hins vegar hafi stefnandi átt drjúgan þátt í uppeldi barna sinna af fyrri hjónaböndum, og hafi hann m. a. annast þrjú þeirra einn, er móðir þeirra var fjarverandi. Hafi þau öll komist vel til manns. Varðandi vanhæfni stefndu vísar stefnandi aðallega til greindarskorts hennar, ósannsögli og loks, að hún hafi litla sem enga íslenskukunnáttu, en það væri mjög bagalegt fyrir barnið, verði henni falin forsjá þess.

Stefnda heldur því fram, að það samræmist best högum og þörfum barnsins, að það verði í sinni forsjá, enda hafi barnaverndarnefnd mælt með þeirri skipan. Þá telur stefnda óæskilegt, að ungt stúlkubarn alist upp hjá svo fullorðnum föður, en stefnandi er nú 61 árs að aldri. Barnið væri aðeins tveggja ára og aldursmunur því verulegur á feðginunum. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að almennt sé talið æskilegra í tilvikum, þar sem aldursmunur er mikill á foreldrum, að veita hinu yngra forsjána, þar eð líkur væru á því, að barnið njóti forsjáforeldrisins lengur. Auk þess væri stefnandi öryrki og ekki sterkur til heilsu, og því væri meira öryggi í því fólgið fyrir barnið, að stefndu yrði falin forsjá þess. Þá er af hálfu stefndu bent á, að hinn mikli aldursmunur stefnanda og barnsins geti leitt til afar erfiðra heimilisaðstæðna fyrir barnið. Stefnda telur, að barnið hafi meiri þörf fyrir sig en stefnanda vegna þess, hve ungt það er, en bæði aldur og kyn barnsins

leiði til, að högum barnsins væri betur borgið í höndum stefndu. Einnig telur hún, að sitt umhverfi væri fordómalausara gagnvart húðlit barnsins en umhverfi það, er stefnandi byði barninu upp á. Er vísað í því sambandi til greinargerðar Félagsmálastofnunar, sem unnin var á vegum barnaverndarnefndar vegna umsagnar í málinu, þar sem fram komi, að stefnandi hafi afar neikvæð viðhorf til stefndu vegna uppruna hennar. Telur stefnda hættu á því, að þau viðhorf sín muni hann yfirfæra á barnið. Loks vitnar stefnda til þess, að stefnandi hafi að meginstefnu til meinað sér umgengni við barnið, eftir að hann tók barnið til sín. Hafi hún einungis fengið að hitta barnið á þeim forsendum, sem stefnandi hafi sett sér einhliða. Hann hafi með því sýnt, að hann hafi ekki skilning á þörfum barnsins fyrir umgengni og samneyti við báða foreldra sína. Hins vegar hafi umgengni barnsins við föður sinn verið með eðlilegum hætti, í samræmi við samkomulag þeirra, á þeim tíma, er barnið dvaldist hjá móður sinni.

Af hálfu stefndu er vísað til barnalaga vegna forsjárkröfunnar, sérstaklega 2. mgr. 34. gr. laganna, en um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstöður:

Ekki verður heldur fallist á, að stefnda sé vanhæfur uppalandi vegna greindarskorts. Útkomu úr greindarprófi ber að taka með nokkrum fyrirvara, enda getur árangur fólks á slíku prófi liðið verulega fyrir, ef próftaki talar ekki reiprennandi það mál, sem prófið er miðað við, einnig þó að prófatriði séu einkum verkleg. Mat sálfræðings, sem prófaði stefndu, er, að greind hennar sé á bilinu 79–85, sem er talsvert fyrir ofan hefðbundin mörk alvarlegrar greindarskerðingar eða þroskahömlunar. Til þess að greindarskortur væri tæk röksemd til að efast um hæfni stefndu til að ala upp börn, þyrfti slík greining að vera fyrir hendi. Þúsundir kvenna með hliðstæða greind og stefnda telst hafa ala nú upp börn sín hér á landi án nokkurs eftirlits eða athugasemda.

Ekki verður fallist á, að stefnandi hafi staðfest eða sannað, að ósannsögli eða óráðvendonni stefndu hljóti að draga úr hæfni hennar sem uppalanda. Eins líklegt er, að þau tilvik, sem nefnd eru ósannsögli hennar til staðfestingar, hafi orðið vegna misskilnings og tungumálaörðugleika, eins og að um vísvitandi blekkingar sé að ræða. Eru þessi tilvik, eins og málið liggur fyrir, hvorki fleiri né alvarlegri en búast má við, að upp komi í deilumálum af þessu tagi. Um börn stefndu af fyrra hjónabandi hefur ekki heldur komið fram, að þau séu vanrækt eða illa haldin, svo að ekki verður stefnuleysi eða reikult ráð stefndu í uppeldismálum gert að úrslitaatriði á þeim grundvelli,

enda ekki ljóst, að samanburður á ferli hennar og stefnanda á þeim vettvangi hljóti að verða henni í óhag.

Þegar lítið er til þess, sem liggur fyrir í málinu, verður ekki heldur unnt að líta svo á, að skortur á íslenskukunnáttu stefndu geti ráðið úrslitum í máli þessu. Ljóst þykir, að barnið myndi læra íslensku í samskiptum við aðra, sem tala málið, svo sem önnur börn, fóstrur, kennara o. fl. Ekki er óvenjulegt, að börn læri tungumál án atbeina foreldra.

Með vísan til þessa verður ekki talið, að stefnandi hafi hrundið niðurstöðu álits félagsráðgjafa Félagsmálastofnunar og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 21 og 22, þess efnis, að stefnda sé hæfur uppalandi.

Samkvæmt framburði vitna er stefnda hlý og natin móðir, og í áliti sálfræðings, sem athugaði sérstaklega að beiðni dómsins hæfni hennar til að ala upp barn, sbr. dskj. nr. 37, er hvergi efast um, að stefnda sé hæfur uppalandi. Þar sem engin gögn hafa komið fram, sem draga hæfni stefndu til uppeldisstarfa í efa, önnur en rök stefnanda um greindarskort og óráðvendni, – og á þau verður ekki fallist, eins og áður segir, – er það niðurstaða dómsins, að líta beri á stefndu sem hæfa til að ala upp barnið X. Málið verður því ekki til lykta leitt vegna meintrar vangetu hennar til að ala upp barnið.

Stefnandi hefur annast barnið að verulegu leyti frá fyrstu tíð, og ekki er annað fram komið en það hafi gengið vel. Stefnandi hefur þó ekki gætt þess, að barnið fái notið umgengni við móður sína. Slíkt er að sjálfsögðu óviðunandi fyrir barnið og er til þess fallið að valda barninu skaða, þegar til lengri tíma er lítið. Stefnandi hefur kennt stefndu um þann misbrest, sem orðinn er á umgengni barnsins við hana. Rök stefnanda í því efni þykja ekki sannfærandi, og í sálfræðiathugun kemur fram, að stefnanda hætti sennilega til fljótræðis og dómgreindarleysis undir sterkum geðhrifum. Með vísan til þess, sem fram kemur í gögnum málsins, þykir líklegra, að stefnda muni viðhalda eðlilegri umgengni barnsins við föður sinn en að hann muni virða rétt barnsins til umgengni við móður sína. Bendir flest til þess, að stefnda hafi betri skilning en stefnandi á rétti barnsins og þörfum þess fyrir báða foreldra.

Samkvæmt sálfræðiathugun, sem stefnda hefur gengist undir, er hún í góðum raunveruleikatengslum og hefur eðlilega, hagnýta dómgreind. Hún virðist hafa heilbrigt tilfinningalíf og gæti því veitt barni sínu nauðsynlega tilfinningalega aðhlynningu.

Með tilliti til framtíðar virðist sú skipan einnig henta hag barnsins best að fela stefndu forsjá þess. Í því sambandi skiptir máli, að mikill aldursmunur

er á málsaðilum, þar sem stefnda er yngri en stefnandi. Stefnandi er þar að auki 100% öryrki samkvæmt örorkumati yfirlæknis Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, dags. 14. júlí 1992, og er ekki búist við bata, en stefnda er við eðlilega heilsu og vinnugetu. Líkur eru því á, að barnið geti notið móður lengur sem forsjárforeldris en föður. Þótt aldur og heilsa stefnanda ráði ekki úrslitum ein sér, hlýtur dómurinn að taka tillit til þessara atriða við úrlausn málsins. Einnig skiptir máli, að barnið er stúlka, á smábarnsaldri, og því mikilvægt að tryggja tengsl þess við móður sína. Móðirin virðist hafa sinnt því af umhyggju og natni, eins og fram kemur í gögnum málsins.

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, svo og með vísan til 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 20/1992 er niðurstaða dómsins sú, að barninu verði fyrir bestu, að stefndu, K, verði falin forsjá þess.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn, og greiðist málskostnaður hans úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun talsmanns hans, Guðmundar Kristjánssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 175.000 kr. án virðisaukaskatts, en engin gögn hafa verið lögð fram um útlagðan kostnað stefnanda vegna málsins.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, 400.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun talsmanns hennar, Valborgar Þ. Snævarr hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 351.000 kr. án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Álfheiður Steinþórsdóttir og Sigurður Grétarsson sálfræðingar.

D ó m s o r ð:

Stefnda, K, skal fara með forsjá dóttur málsaðila, X, sem er fædd 21. ágúst 1991.

Málskostnaður fellur niður.

Þóknun talsmanns stefnanda, Guðmundar Kristjánssonar hdl., 175.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Gjafvarnarkostnaður stefndu, 400.000 kr., greiðist einnig úr ríkissjóði, þ. m. t. þóknun talsmanns hennar, Valborgar Þ. Snævarr hdl., 351.000 kr.